



Menntaverðlaun atvinnulífsins 2014

Á menntadaginn, mánudaginn 3. mars 2014, verða menntaverðlaun atvinnulífsins veitt í fyrsta sinn til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Verðlaunaafhendingin fer fram á Hilton Reykjavík Nordica en þar verða menntun og fræðsla sem nýtist öllu atvinnulífinu í kastljósinu.

Óskað er eftir tilnefningum en þrjú fyrirtæki verða tilnefnd í tveimur flokkum.

Menntafyrirtæki ársins

Tilnefnd fyrirtæki þurfa að leggja áherslu á mikilvægi menntunar og hafa skýra mennta- og fræðslustefnu sem er fylgt eftir. Við mat á tilnefningum verða gæði fræðslunnar metin og kannað hvort mennta- og fræðslustefnan hafi eflt menntun innan fyrirtækisins og aukið samkeppnishæfni þess.

Menntasproti ársins

Tilnefnd fyrirtæki þurfa að hafa aukið áherslu á fræðslu- og menntamál. Við mat á tilnefningum verður skoðað hvort farnar hafi verið nýjar leiðir við eflingu menntunar innan fyrirtækisins og hver aukningin er í þátttöku starfsmanna.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningar- málaráðherra, mun tilkynna um sigurvegara á menntadeginum en dagskráin verður auglýst þegar nær dregur.

Vinsamlegast sendið tilnefningar á sa@sa.is ekki síðar en 31. janúar 2014.



SF SAMTÖK FISKVINNUSLUSTÖÐVA

SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTEKJA



SAMORKA Samtök orku- og vefvirkjananna

SVP

Samtök verskunar og þjónustu



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS